

## AUGLÝSING

### um innflutningskvóta.

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabanka Íslands ákveðið innflutningskvóta, sem gildir til ársloka 1962, til viðbótar áður auglýstum innflutningskvótum, sem hér segir:

| Tollskrá:  |                                                     | Innflutnings- |
|------------|-----------------------------------------------------|---------------|
| Kafli. Nr. |                                                     | kvóti 1962.   |
| 50         | 12 Færi og línur til fiskveiða .....                | 200 000 kg    |
| 18         | Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður ..... | 100 000 —     |

Umsóknir um úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir ofangreindum vörutegundum skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 1. október n. k.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 14. september 1962.*

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 78 27. maí 1960, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

#### 1. gr.

Eftirtalin tollskrárn. bætist við 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

|    |                                                   |
|----|---------------------------------------------------|
| 50 | 12 Færi og línur til fiskveiða.                   |
| 50 | 18 Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður. |

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 14. september 1962.*

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.